

# **Fornleifar í landi Galtarholts í Borgarbyggð.**

**Deiliskráning - 2004.**



**Adolf Friðriksson og Sigríður Þorgeirsdóttir**

**FS247-04111**

**Reykjavík 2004**





© Fornleifastofnun Íslands 2004  
Bárugötu 3  
101 Reykjavík  
Sími: 551 1033  
Fax: 551 1047  
Netfang: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)  
Heimasíða: [www.instarch.is](http://www.instarch.is)

## Efni

<b>INNGANGUR.....</b>	<b>5</b>
<b>DEILISKRÁNING OG FORNLEIFAR.....</b>	<b>5</b>
<b>FORNLEIFAKÖNNUN.....</b>	<b>7</b>
<b>NIÐURSTÖÐUR.....</b>	<b>17</b>
<b>SAMANTEKT.....</b>	<b>18</b>
<b>HEIMILDIR.....</b>	<b>19</b>



## Inngangur

Að ósk Stafna á milli ehf gerði Fornleifastofnun Íslands könnun á fornleifum í landi Galtarholts í Borgarbyggð í júnímánuði 2004. Tilfni rannsóknarinnar er deiliskipulag og fyrirhugaðar framkvæmdir í landinu.

Undirbúningur að rannsókninni hófst í maí og var heimildum safnað um fornleifar á svæðinu. Gerðar voru vettvangsathuganir í landi Galtarholts dagana 3.6 til 7.6 2004. Í þessari skýrslu er birt niðurstaða athugana á heimildum og á vettvangi og lagt mat á áhrif framkvæmda á grundvelli þeirra.

## Deiliskráning og fornleifar

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein Þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög með síðari breytingum), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: “Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja.” Auk Þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Er fornleifakönnunin sem þessi skýrsla byggir á unnin í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með hinni nýju löggjöf.

Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í Þjóðminjalögum (16. gr.) víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja, 100 ára eða eldri, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Í lögnum eru gefin allnokkur dæmi, svo sem byggðaleifar, bæjarstæði, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna,

bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum; einnig vinnustaðir þar sem aflað var fanga, sel, verstöðvar, ból, mógrafir, kolagrafir, gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, gamlir vegir, stíflur, brýr, vöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra; varnarmannvirki; þingstaðir, hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð; áletranir, greftrunarstaðir og skipsflök.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll forn mannvirki í heldur einnig staðir sem á einn eða annan tengjast menningu og atvinnuvegum. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við umhverfismatið, á sama hátt og gert er við almenna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Fornleifaverndar ríkisins. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Algennt er að staðir komi í ljós við vettvangsrannsókn, en ekki fullljóst hvort um fornleifar er að ræða eða ekki. Eru þeir látnir njóta vafans og færðir á fornleifaskrá, enda mjög óheppilegt ef minjar finnast við jarðrask í upphafi framkvæmda. Veldur það töfum og kostnaði fyrir framkvæmdaaðila auk þess sem minjastaðir spillast og aðilar fornleifavörslu eru knúnir til að gera skyndirannsókn og jafnvel hefja stórfelldan björgunarpuppgröft með skömmum fyrirvara.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd verði engin hættu á að minjar finnast þar við jarðrask.

## Fornleifakönnun

Engar minjar eða forngrípir frá landnámsöld eða síðari tímum hafa komið í ljós við jarðrask á þessu svæði samkvæmt fyrirliggjandi heimildum og þar eru engar friðlýstar minjar. Engu að síður er ljóst að á rannsóknarsvæðinu eru mannvistarleifar frá öllum tímum og eru þær einkum landbúnaðarminjar ýmisskonar, sem tengjast búsetu á þessum jörðum. Allar þessar minjar njóta friðhelgi samkvæmt þjóðminjalögum. Í þessum kafla er birt skrá yfir allar þekktar fornleifar í landi Galtarholts. Í næsta kafla er fjallað sérstaklega um þær minjar sem eru á skipulagsreitnum.

### MH-127 Galtarholt

Jarðardýrleiki árið 1709: 40 hdr. Munnmæli herma að hálfkirkja eða bænhús hafi verið á jörðinni. "Áður segjast menn heyrt hafa, að þessi jörð hafi talinn verið 50 hdr að dýrleika, með fjallendi því, sem liggur við Lángavatnsdal og kallað er Rjettarmúlli. Þetta land er nú afrjett almennileg þessarar sveittar... En ekki vita menn með hverjum rjetti að þetta land er gengið undan jörðunni, og gjört að almenningsafrjett" JÁM IV, 357-358. "Jarðarinnar er getið í Sturlungu", segir í örnefnaskrá Galtarholts. 1. Í Þorgils sögu Skarða í Sturlungu segir " Þorgils reið þá suðr um Mýrar, þar til er hann kom í skóginn sunnanverðan gegnt Galtarholti." (II, 168). 1526 kemur fram að Þórður Arason færir Ögundi biskup í Skálholti málajörð konu sinnar Galtarholt í Stafholtstungu fyrir jörðina Steinastaðir í Skagafirði. "Um Galltarholtt í Borgarfirði...i Skalholte vorum vid i hiá säum og heyrðum ä ord og handaband þessara manna af einne halfu herra Ögmundar biskups i Skalholte og annare Þormods Arasonar ad svo fyrer skyldu oc undertoludu ad hann feck biskuinum jordina alla Galltarholtt er liggur i Stafholtzþingum." DI XI, 338. 1531 Kaupmálabréf Odds Tumasonar og Ceceliu Ormsdóttur "Oddur tumaso talldi sier til kaups vid...cesceliu hundruad hundrada j jordum og kuijlldum og audum þarfligum peningum ad til nefndre jordunne galltarholtti..." DI XI, 603. Galtatholt er nefnd í Fógetareikningum árin:1547-48, 1548-49, 1549-50, 1550 og 1552. DI XII, 107,133,149,169,935. Í máldögum Gísla biskups Jónssonar um 1570 segir: "CXXI. Gallttarholtt. Hálfkirkian i Gallttarholte ä land ad Riettarmula. Jtem ein lijtet klucka gardurinn Lc med Riettarmula. Anno 1575." DI XV, 549,619. Munnmæli herma að fyrst hafi Galtarholt átt beitarítak í Eskiholtsskógi. Ö-Galtarholt svör, 2. Í Byggðir Borgarfjarðar III segir: "Galtarholti var deilt í þjrá hluta árið 1954, helmingur jarðarinnar hlaut nafnið Galtarholt II, en fjórðungur kallasðist Galtarholt I og annar fjórðungur Galtarholt III. Árið 1975 var Galtarholt I Viðurkennt af Landnámi ríkisins sem lögbýli. Í Galtarholti I hefur nú verið reist íbúðarhús, en það stendur sunnan undair holtinu, sem gamli bærin stendur á..." 199. Tún 1918: 8,3 ha, þar af eru 4/5 sléttuð. Kálgarðar 1650 m<sup>2</sup>. Í byggðum Borgarfjarðar segir: "Land jarðarinnar er allstórt. Þar er að miklum hluta kjarri vaxnir ásar með mýrar- og flóasundum á milli. Austast í landinu, með Skarðslæknum, eru sléttar, grösugar engjar, sem lækurinn ræktar, er hann flæðir um þær í vatnavöxtum. Hluti þeirra er austan lækurinn, en lækurinn, sem réði þar merkjum, hefur breytt farvegi sínum og fellurnú vestar en hann gerði áður. Land Grafarholts mætir landi Litlu-Grafar og Heyholts að norðan og austan, að sunnan eru merki á móti Eskiholti, en að vestan á móti Laxholti." "Galtarholt þótti með betri jörðum í Borgarhreppi. Þar fór saman góð vetrarheit og nokkrar engjar, en þetta tvennt var undistaða búrekstrar áður en ræktunaröld hófst. Austast í landinu, með Skarðslæk og Hópinu, eru grösugar flæðiengjar...Bæjarhús standa á hæð eða hól skammt vestan við þjóðveg 1. Ber þau hátt yfir umhverfið, og sjást þau því víða að." BB III, 199, 200. 1709: "Skógur til raftviðar bjarglegur, nógur til kolgjörðar og eldiviðar, og brúka ábúendur til húsabótar og bússnaudsynja, en ekki mega þeir í burtu selja skóginn. Torfrista og stúnga bjargleg, so og reiðingsrita fyrir heimamenn. Móskurður til eldiviðar meinast vera, brúkast ekki. Selstaða hefur áður verið í Rjettarmúla, en brúkast ei fyrir afrjettarfjár troðningi. Mánastararbeit segjast nálægir heyrt haf að jörðin ætti á ári hverju Óskholtslandi [Eskiholt MH-098] ... Skógarhögg segjast menn og heyrt hafa að jörðin ætti í Kleppum í Óskholtsland ... Túninu grandar vatn, sem jetur úr rótina. Enginu grandar Skarðslækur með grjóti og sandi til stórskaða, heyi er og hætt meðan það liggur á enginu fyrir sama læk í vatnsvötum. Vatnsból bregst um vetur ... Kirkjuvegur lángr og torsóktur yfir Norðurá. Hreppamannaflutningur yfir Galtarholtslæk, sem brúa þarf, erfiður". JÁM IV, 358-359.

**MH-127:001** Galtarholt bæjarhóll bústaður

64°38.820N 21°45.571V

"Bærinn stendur um það bil á miðju landi, er þar á hjalla vestan undir hárrí klettaborg," segir í örnefnaskrá.



Bæjarhóllinn stendur á hrygg eða hólrana sem liggur til suðvesturs frá klettaborg sem nefndist Heimariborg. Bæjarhóllinn er um 40 m A-V og 30 m N-S. Síðustu bæjarhúsin hafa verið rifin. Sunnan á hólnum er enn trjálundur sem stóð sunnan íbúðarhússins, og norðaustan á hólnum stendur fjós og hlaða úr steinsteypu. Einhver niðurgrafin mannvirki eru skammt vestan við staðinn þar sem íbúðarhúsið stóð. Dreif af hleðslugrjóti eru á hlaðinu og ofan á hólnum. Eitt tóftarhólf er grafið inn í hólinn norðvestantil. Tóftin er um 8 m löng NV-SA, og 3,5 m breið SV-NA. Hleðslan er úr grjóti, 4-5 umför og tóftin er opin norðvestanmegin.

**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Galtarholt, 1

**MH-127:002** heimild um kirkju

64°38.726N 21°45.500V


"Kirkjan var aflögð 1575 og sóknin lögð undir Stafholt. Mjög lengi sá fyrir veggjum kirkjunnar, en hún stóð á litlum hól í Halavellinum, sem hét Kirkjuhóll, nú er búið að slétta túnið þarna, og hóllinn, sem var lágr, sléttaður út svo vont er að vita upp á hár hvar kirkjan stóð," segir í svörum við örnefnaskrá. "Hálfkirkja var í Galtarholti fram eftir öldum. Sást fyrir rústumum, að talið var, fram um miðja þessa öld, austast í túninu. Við jarðrask þar í nánd, fyrir áratugum, komu upp forn mannabein, sem bendir til þess að þar hafi verið grafreitir." BB III. Enn segir í svörum við örnefnaskrá: "Í Kaþólsku var hér hálfkirkja, hún hefur haft rétt til greftrunar, því eitt sinn fundust mannabein í nánd við þann stað, sem kirkjan stóð, þá voru menn að rista ofan af í borgarbrennkunni, sem svo er kölluð, austast á Halavellinum...tel ég [Gróa Jóhannesdóttir] trúlegt að kirkjan hafi átt þetta holt, og haft þar viðarhögg." Að auki kemur fram í svörum við örnefnaskrá að "lengi sá fyrir tóftum hennar alveg fram undir síðustu aldamót" (10).

Ekki er vitað hvar kirkjan stóð. Enginn hóll er í túninu sunnan við bæinn. Athyglisvert er ef mannabeinin hafa fundist þegar rist var ofan af í brekkunni ofan við túnið, því brekkan er mjög brött og mjög ósennilegt að þar hafi kirkjugarður verið. Mögulegt er að þessi mannabein hafi verið utan kirkjugarðs, þó þau kunni að hafa verið nálægt þeim stað þar sem kirkjan er sögð hafa staðið á, og eins er mögulegt að þar hafi verið leifar kumls úr heiðni.

**Heimildir:** Ö-Galtarholt, 3; Ö-Galtarholt svör, 5, 10; BB III, 199

**MH-127:003** tóft útihús

64°38.831N 21°45.613V



Um 40 m norðvestan við bæinn [001] stóð útihús samkvæmt túnakorti frá 1918. Þar eru enn leifar af útihúsi, sem stendur fast neðan við heimreiðina, suðvestan fjóss.

Tóftin er í brekku við bæjarhlaðið.

Tóftin er grafinn inn í


bæjarhólsranann vestanmegin og snýr SV-NA. Suðurveggurinn er hæstur, um 1.7 m, hlaðinn úr fremur stóru grjóti og sjást 6-7 umför. Aðrir veggir eru mun lægri eða um 40 sm háir. Tóftin er 12 m löng og 7 m breið að utanmáli, en um 8 m löng og 3,5 m breið að innanmáli. Hún er slétt innan.

**Heimildir:** Túnakort 1918



MH-127:004 tóft útihús

64°38.881N 21°45.474V




Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús 140 m norðaustur frá bænum [001]. Tóftirnar eru í túni, skammt frá vegarslóða sem þjóðleiðin, og klettaborgar. skiptist í þrjú hólf.

liggur frá bænum og er gamla liggur á milli tóftanna og Tóftin er aflöng, snýr NV-SA, og Hún er 7 m löng og 3 m breið. Hún er gróin, en vottar fyrir hleðslugrjóti í veggjum. Ekkert op er á tóftarveggjum. Syðsta hólfíð er minnst, um 1 m á breidd og 30 sm breið. Miðhólfíð er 2 x 1 m og nyrsta hólfíð er 1x0,5 m.

**Heimildir:**Túnakort 1918

MH-127:005 tóft útihús

64°38.885N 21°45.454V



Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um það bil 160 m norðaustur frá bænum [001]. Tóftin er 150 m norðaustan við bæinn, 5 m austan við tóft 004 og hjá slóða sem liggur undir Heimariborg.

Tóftin er gróin, en minniháttar rof á stöku stað og sér í grjóti. Hún skiptist í tvö aðalhólf og 1-2 minni og ógreinilegri. Aðalhólfín eru 14 m löng og 7 m breið, en minni hólfín eru áföst nyrðri langvegg, um 8 m löng og 5 m breið. Dyr eru á vestara aðalhólfi. Veggir eru um 1 m þykkir og 40 sm háir.

**Heimildir:**Túnakort 1918



**MH-127:006** tóft 64°38.891N

24°45.389V

Tóftabunga er í Húsatúni, í sundinu milli Heimariborgar og Fremriborgar, 190 m austan við bæ (001).

Tóftirnar eru í túni.

Hóllinn er stakur moldarhóll og sér í grjót að norðvestanverðu. Hann er um 22 m í þvermál. Eru hér mjög líklega rústir þótt ekki sjáist skýr merki þar um.

**MH-127:007** *Fjósmelur* heimild um fjós

64°38.791N 21°45.935V

"Byrjum frá túni vestan við bæinn. Þar er næst melur, er heitir Fjósmelur," segir í örnefnaskrá. Þar stóð fjós og "þar kom upp miltisbrandur og dráput margar eða flestar kýrnar. Þær dauðu voru grafnar niður í básana, fjósið eyðilagt, og byggt upp á öðrum stað, þetta gerðist fyrir löngu, nú er búið að byggja fjós á enn þá nýjum stað," segir í svörum við örnefnaskrá. Lágur hóll er all sunnarlega í túninu en engin tóftamerki.

Harður, gróinn melur með stökum steinum sem upp úr standa.

"Fjósmelur (ekki Fjósamelur) heitir svo af því að þarna var í gamla daga fjós, ekki veit ég hvort fjósin frá báðum bæjunum stóðu þarna, hér hefur lengstum verið tvíbyli. Þetta er allstórt holt í vestur frá túninu, nokkuð blásinn efst... Fyrir vestan þetta holt voru áður myrarsund, sem nú eru breytt í tún. Síðar var fjósið fært heim á túnið, það heitir Hóllinn [031]..." segir í svörum við örnefnaskrá. Ekki sjást nein merki um fjósið nú og óljóst er hvar á melnum það stóð. Ekki er ólíklegt að það hafi staðið vestarlega, þar sem er nokkuð brattur halli á melbrúnni.

**Heimildir:** Ö-Galtarholt, 1; Ö-Galtarholt svör, 1

**MH-127:008** *Selhóll* þjóðsaga huldufólksbústaður

64°38.947N 21°47.134V

"Fossinn er í læknum, sem heitir Galtarholtslækur [Galtarholtslækur er vestan við bæinn 001], sem hér beygir og kemur þá að vestan. Vestur með læknum eru þrjár skógarásar, aðskildir af mýrarsundum. Þeir [heita] Gvendarás, Háías, og efstur er svo Langás, sem nær upp með læknum alla leið upp fyrir Brautarhól. Vestast í svonefndum Lækjarkrók er hóll neðst í Langás við lækinn (svo) er hóll sem heitir Selhóll. Þar eru smalakofarústir [sjá 035] í vesturenda á ásnum," segir í örnefnaskrá. Hóllinn er 1250 m vestan við bæinn.


Selhóll er skammt austan við vegar slóða hjá Galtarholtslæk, hann stendur upp úr mýri og er þéttvaxinn birkigróðri.

"Selhóll er allhár hóll, nokkuð strýtumyndaður, og klettur sumstaða í kring. Þar er sagt að hafi verið haft í seli áður fyrr frá Galtarholti, þetta er nálægt landamerkjum milli Galtarholts og Eskiholts...það sér ekki fyrir seltóftum, en rústir af smalakofa [035] sjást þarna...Ekki hef ég [Gróa Jóhannesdóttir] heyrt neitt um það hvenær lagt var niður að hafa í seli, það mun vera mjög langt síðan. Áður trúði fólk því að huldufólk ætti heima í Selhól, þar átti stundum að hafa sést fólk, sem ekki var mennst og stundum heyrði fólk það húa og kalla," segir í svörum við spurningum úr örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Galtarholt, 1; Ö-Galtarholt svör, 2-3

**MH-127:009** *Péturstættur* tóft hesthús

64°38.925N 21°45.401V



"Þá eru það Borgirnar austur af bænum. Sú í túninu heitir Heimriborg, og sú, sem er fjær er, heitir Fremriborg." segir í örnefnaskrá. "Syðst undir Fremriborginni norðanverðri eru rústir. Þetta er rétt við framtúnið. Þessar tættur eru nefndar Péturstættur," segir í svörum við örnefnaskrá. Tóftirnar eru 235 m austan við bæ (001).

Tóftirnar standa undir klapparholti, í gróinni brekku.

"Bróðir tengdaföður míns Pétur Jónsson var nokkur ár í

Ameríku en kom heim aftur 1911 en fór út 1902. Hann gerðist lausamaður hér í Galtarholti hjá bróðir sínum






Jóni. Pétur átti nokkra hesta og byggði hús fyrir þá við borgarhornið. Hann lét háa klapparbrík vera gaflinn, þarna hýsti hann hesta sína að vetrinum, heyjaði fyrir þeim á sumrin og lét heyið í kuml sem var við hesthúsin, ég held að húsini hafi verið tvö. 1920 var feikarlegur snjóvetur eins og margir vita. Þá brotnaði niður þakið á hesthúsunum, ég held að einn hestur hafi kafnað. Þarna var aldrei byggt upp aftur, en rústirnar eru mjög greinilegar ennþá, og fengu þetta nafn Péturstættur," segir í svörum við örnefnaskrá. Undir klöppinni sjást leifar hesthússins sem 4 aðskildir veggir, og því þrjú hólf sem snúa NV-SA. Hvert hólf er um 2 m langt og 1 m breitt. Veggir eru úr grjóti um 40 sm háir, 4 umför í hleðslunni og grasi grónir kollarnir.

**Heimildir:**Ö-Galtarholt,2; Ö-Galtarholt svör,4-5

**MH-127:010** *Kiðhóll* fjárskýli

64°39.068N 21°45.149V

"Austan til, hátt uppi í borginni [Fremriborg], heitir Kiðhóll. Þar var geitakofarúst," segir í örnefnaskrá. Tvær klettaborgir eru skammt austan við bæinn, sú sem er fjær heitir Fremriborg. Kiðhóll er hólnefna nærri nyrðri brún borgarinnar þar sem hún er hæst að norðanverðu. Tóftin er 570 m norðaustan við bæ (001). Tóftin er á hól, á lyngi vaxinni klettaborg.



Í svörum við örnefnaskrá segir að við Kiðhól "sér fyrir rústum geitakofans, geiturnar voru seldar upp úr aldamótunum síðustu að mig [Gróa Jóhannsdóttir] minnir og hafa ekki verið geitur hér síðan." (4). Kofinn er grafinn niður í hólinn, og þar er nú hola, nokkuð regluleg, snýr SV-NA, um 2,5 x 1,5 m, op er við norðurhorn, því er næst er klettabrún. Holan er slétt innan og brúnir hennar eru um 50 sm háar.

**Heimildir:**Ö-Galtarholt,2-3; Ö-Galtarholt svör,4

**MH-127:011** *varða* 64°39.062N 21°45.152V

"Nyst á Fremriborginni [sjá Kiðhól 010] er varða. Enginn veit nú hvers vegna þær hafa verið hlaðnar," segir í svörum við örnefnaskrá. Varðan er 2 m SV við geitakofa (010), 570 m NA við bæ (001).

Varðan er út á brún á lyngi vaxinni klettaborg.

Varðan er að mestu hrunin, hún er um 40 sm há og um 1 m að þvermáli neðst. Hún hefur verið hlaðin úr meðalstóru grjóti, hún er mosavaxin. Athyglisvert er að vegna trjágróðursins sem nú er, þá sést lítið í vörðuna, jafnvel þó hún hafi verið talsvert hærri en nú er.

**Heimildir:** Ö-Galtarholt svör, 7



**MH-127:012** *Mógrafaskarð* mógrafir

64°38.855N 21°45.267V

"Milli Heimriborgar og Fremriborgar er sund, ýmist nefnt Mógrafaskarð eða Borgaskarð. Þær ná alveg niður að þjóðvegi," segir í örnefnaskrá. Sundið er um 230m NA við bæinn (001).

Í Mógrafarskarði er mýrarsund.

"Borgarskarð eða Mógrafaskarð, eins og það er nefnd jöfnum höndum, er mýrarsund milli borganna,

Heimariborg og Fremriborg eru þær nefndar. Þar var áður tekinn upp mór, en því er nú löngu hætt," segir í svörum við örnefnaskrá. Enn fremur segir "Mór var tekinn í Mógrafarskarði...mótekja var ekki góð, gosaska all mikil ofarlega í móluginu. Mig [Gróa Jóhannsdóttir] minnir að mólagið hafi verið 3 til fjórar skóflustungur, rof all mikið. Mór var tekinn hér eitthvað fram yfir 1940, þá var þetta mjög lítið og haft mest til að halda eldinum lifandi, milli þess sem þurfti að nota eldavélina (7). Engin merki um mógrafir sjást í sundinu og virðast þær því ekki hafa verið mjög djúpar.

**Heimildir:**Ö-Galtarholt,2; Ö-Galtarholt svör,4,7

**MH-127:013** heimild um stekk

64°38.762N 21°46.194V

"Frá veginum vestur að læk er nefnt Vesturtunga. Efst í þeirri tungu er svo Stekkjarholt, vestur undan honum við klett er stekkur...," segir í örnefnaskrá.

Við Stekkjarholt hefur verið talsvert rask vestan vegarins, rof og blástur, en jarðvegi hefur einnig verið ýtt til og gert ræsi undir veginn og lagðar lagnir.


"Ég [Gróa Jóhannsdóttir] held að fráfarur hér í Galtarholti hafi lagst niður um síðustu aldamót," segir í svörum við örnefnaskrá. Enn fremur segir í svörum við örnefnaskrá: "Það sést greinilega fyrir 2 stekkjum...hinn er neðst á Stekkjarholtinu, sem er efst í Vesturtungunni. Þeir vour notaðir sitt frá hvorum ábúanda, að því er mér var sagt." Leifar stekkjanna fundust ekki og eru að líkindum horfnar.

**Heimildir:**Ö-Galtarholt,4; Ö-Galtarholt svör,6, 11

**MH-127:014** Hvanngarðsvöllur

64°38.831N 21°45.465V

"Þá ofan við bæ, upp að Borg, Hvanngarðsvöllur," segir í örnefnaskrá. Er hann 100 m austan við bæinn (001).




Hvanngarðsvöllur er í í brattri grasbrekku.

"Hvanngarðsvöllur er að norðaverðu við Halavöll í túninu, undir Heimariborginni [011], þar var áður fyrr garður, sem hvönn var ræktuð í, rætur og neðstu leggir étnir. Nú er þarna slétt tún, en í mórinda ofan við, sér þennþá fyrir gaðrbroti, mjög sigið í jörð," segir í svörum við örnefnaskrá. Garðurinn sést enn, þar eru völdugir, signir veggir. Hann er um 15 m langur, 9 m breiður og snýr upp og niður í brekkunni, þ.e. Nær A-V. Veggir eru 1,3 m á breidd og um 30 sm háir. Svæðið er allt smáþýft.

**Heimildir:**Ö-Galtarholt,4-5; Ö-Galtarholt svör,10

**MH-127:015** tóft

64°38.875N 21°45.497V



Tóft er norðarlega á túninu framan við Heimariborg, 120 m NA við bæ (001) og 10 m sunnan við tóft 004. Slóði (gamla þjóðleiðin) frá bænum liggur milli tóftanna og borgarinnar.

Tóftin er aflöng, snýr nær því A-V, 9 m löng og 6 m breið að utanmáli, veggir eru grónir en sér í grjót, um 30 sm háir og ógreinilegir. Tóftin skiptist í tvö er opin í vesturenda, mót lágri brekku.

jafnstór hólf eftir endilöngu og

**MH-127:016** heimild um kvíar

64°38.890N 21°45.610V

Í svörum við örnefnaskrá segir: "Það sér greinilega móta fyrir kvíunum, og það fleiri en einum, sunnar í hæðinni, sem fjárhúsin stóðu [017]."


"Þessi túnblettur allur er nefndur Kvíar, er frá skilinn framtún af mýrarsundi litlu, og milli Kvía og Kýrhólts er all djúpt skarð..." segir í svörum við örnefnaskrá.

Ekki sjást ummerki um kvíarnar, en syðst á túninu er lágur og breiður, ávalur hóll.

**Heimildir:**Ö-Galtarholt svör,11-12

**MH-127:017** tóft fjárhús

64°38.898N 21°45.615V



Í svörum við örnefnaskrá segir: "Það sér greinilega móta fyrir kvíunum, og það fleiri en einum, sunnar í hæðinni, sem fjárhúsin stóðu." Fjárhústóft er á



hæðinni sem kölluð er Kvíar og er milli bæjarhólsins og Kýrhólts og nær hinu síðarnefnda. Tóftin er um 150 m norðan við bæinn.

"Þessi túnblettur allur er nefndur Kvíar, er frá skilinn



framtúni af mýrarsundi litlu" segir í svörum við örnefnaskrá.

Minjastaðurinn er eins og rústahóll og í honum miðjum er niðurgrafin tóft. Hún er 17 m löng og 9 m breið að innanmáli, með veggjum hlöðnum úr grjóti, 4 umför, og snýr SV-NA. Steyptur kantur, líklega leifar af húsgrunni, liggur í syðri brún bungunnar, frá suðvesturhorni niðurgröfnu tóftarinnar.

**Heimildir:**Ö-Galtarholt svör,11-12

**MH-127:018** þúst

64°38.906N 21°45.565V



Þúst er á mörkum túnbleðilsins sem nefnist Kvíar og mýrarinnar sem liggur á milli heimatúns og Kvía, 160 m norðvestur frá bænum (001), og 40 m austan við fjárhústóft (017).

Þústin er hjá túnjaðri, í mýri.

Tóftin er ógreinileg þúst, ferhyrnd um 3 m á hvern veg og snýr N-S. Sést í grjóthleðslu á stöku stað, annars er hún algróin og sokkin í mýrina.

**MH-127:019** varða

64°38.931N 21°45.721V



"Suður af Börðum er flóasund, nefnt Grafarflói [009], og þar suður af er holt, sem heitir Kýrholt liggur heiman frá fjárhúsum og norður á merki," segir í örnefnaskrá. Suðvestast á holtinu, rétt neðan við hákoll þess er vörðubrotið.

"Á Kýrholti er varða," segir í svörum við örnefnaskrá. Varðan er að mestu hrunin. Hún er tæpur metri í þvermál og um 30 sm há.

**Heimildir:**Ö-Galtarholt,2; Ö-Galtarholt svör, 7

**MH-127:020** mannabein

64°38.798N 21°45.465V

"...fundust mannabein í nánd við þann stað sem kirkjan stóð, þá voru menn að rista ofan af í borgarbrekkunni," segir í svörum við örnefnaskrá. Staðsetning kirkjunnar er ekki þekkt með vissu, en mannabeinafundurinn hefur verið hjá eða í brekku Heimariborgar, um 100 metra norðaustur af bæ.

Brekkan er grasi vaxin og þýfð, engin merki sjáanleg um mögulegan líkagröft eða kuml - enda ekki víst að mannabeinin hafi verið í kirkjugarði og gætu því verið úr heiðni. Grjót hrynur úr borginni, niður brekkuna og á túnið.

**Heimildir:**Ö-Galtarholt, 5

**MH-127:021** Göltur þjóðsaga legstaður

64°38.799N 21°45.673V

"Suðvestur af bæ er Göltur, þúfa í túni, sem talin er leiði Galtar," segir í örnefnaskrá. Þúfan er horfin og nákvæm staðsetning ekki þekkt, en hún hefur verið um 100 m suðvestur af bænum, þar ofarlega á hólrananum, og skammt norðan "Hólsins" (022).

Göltur er í túni.

"Göltur var ályttinn álagablettur hér áður, það var gömul trú að ekki mætti hrófla við leiðinu, en þetta átti að vera leiði fyrsta ábúnda hér í Galtarholti, og átti hann að hafa heitið Göltur. Þegar tengdafaðir minn [Gróa

Jóhannsdóttir] fór að búa herna, hafði verið gerður kálgarður við leiðið, sem hafði verið látt...(?)þúfu og nokkrir steinar ofaná. Nú var leiðið með öllu horfið sagði tengdafaðir minn mér, þegar hann fór að búa, svo hann tók sig til og gerði það upp, hlóð upp eins og venjulegt leiði, sem næst þeim stað, sem hann áleit það hefði verið. Kálgarðurinn var af lagður og tún komið í kring. Sá sem fór að búa næst eftir hann lét slétta leiðið, svo nú sjást þess lítil merk, þó maður viti nokkurn veginn hvar það var. Það gæti virst, sem ógæfa hafi fylgt í kjölfar þess, að þetta var gert," segir í svörum við örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Galtarholt,5; Ö-Galtarholt svör,12

**MH-127:022** Hóllinn heimild um fjós

64°38.764N 21°45.670V

"Síðar var fjósið fært heim á túnið, það heitir Hóllinn þar sem það stóð, og er fyrir sunnan Galtarleiði [021], í suður af Galtarholtsbæ," segir í svörum við örnefnaskrá. Staðurinn er um 130 m sunnan við bæ.

Stakur hóll í túni.

**Heimildir:** Ö-Galtarholt svör,1

**MH-127:023** heimild um leið

64°38.783N 21°45.622V


"Gamla þjóðleiðin er undir húsinu, sem ég bý í núna (Gróa Jóhannsdóttir), það stendur á Skeiðunum. En undir gluggum suðurhliðar liggur leiðin hjá gamla húsinu [001], sem er á upptúninu, neðan við horn heimari borgar að norðaverðu," segir í svörum við örnefnaskrá.

"En undir gluggum suður hliðar (á nýja húsinu) liggur leiðin hjá gamla húsinu, sem er á upptúninu, neðan við horn heimari borgar að norðaverðu," segir í svörum við örnefnaskrá. Leiðin sést ekki lengur í túninu.

**Heimildir:** Ö-Galtarholt svör, 10

**MH-127:024** tóft smalakofi

64°38.938N 21°47.148V



"Fossinn er í læknum, sem heitir Galtarholtslækur [Galtarholtslækur er vestan við bæinn 001], sem hér beygir og kemur þá að vestan. Vestur með læknum eru þrír skógarásar, aðskildir af mýrarsundum. Þeir [heita] Gvendarás, Háíás, og efstur er svo Langás, sem nær upp með læknum alla leið upp fyrir Brautarhól. Vestast í svonefndum

Lækjarkrók er hóll neðst í Langás við lækinn (svo) er hóll sem heitir Selhóll. Þar eru smalakofarústir í vesturenda á ásnum," segir í örnefnaskrá. Tóftin er efst á háhólnum vestantil, 1270 m vestan við bæ.

Selhóll er stakur klettahóll, vaxinn lyngi og birki.

"Selhóll er allhár hóll, nokkuð strýtumyndaður, og klettar sumstaða í kring. Þar er sagt að hafi verið haft í seli áður fyrr frá Galtarholti [sjá 008], þetta er nálægt landamerkjum milli Galtarholts og Eskiholts...það sér ekki fyrir seltóftum, en rústir af smalakofa sjást þarna, er drengir sem sátu yfir kvíam hlóðu, sér til skjóls og gamans," segir í svörum við örnefnaskrá. Tóftin er ferhyrnd 1,5 m á hvorn veg, heldur lengri frá N til S. Hún er lauslega hlaðin úr hellugrjóti, hleðsluhæð 30 sm og veggir eru um 40 sm breiðir. Henni hallar til suðurs og op er í suðurenda.

**Heimildir:** Ö-Galtarholt,1; Ö-Galtarholt svör, 2

**MH-127:025** hleðsla vörslugarður

64°38.850N 21°45.260V



Garðlag liggur með suðvesturbrún Heimari borgar, til norðurs, yfir Mógrafarskarð og að Fremriborg. Hleðslan er ekki nefnd í heimildum svo kunnugt sé. Girðingin er hlaðin úr grjóti, hægt er að rekja hana um 150 m leið. Hún er víða hrunin, en hæst er hún um 70 sm há, og 60 sm breið.

**Heimildir:** Ö-Galtarholt svör, 12

**MH-127:026** hleðsla rétt

64°38.918N 21°45.408V

Í svörum við örnefnaskrá segir að rétt við Péturstættur [009] "sjást ógreinilega veggja hleðslur, nokkrar nær túninu, mig [Gróa Jóhannsdóttir] minnir að þarna hafi verið fjárrétt fyrir löngu." Hleðslurnar eru 5 m sunnan við Péturstættur og 230 m sunnan við bæ.

Hleðslan er í túnjaðri, við rætur klettaborgar.

Hleðsluleifarnar eru ógreinilegar. Þær líkjast helst flötum palli framan við neðstu klettana í Fremriborginni.

Pallurinn nær tvo metra út frá berginu og er 4 m langur.

**Heimildir:**Ö-Galtarholt svör,4-5

**MH-127:027** *Vörðuholt* varða eyktamark

"Suður frá bænum, sunnan við veg, er stórt og mikið skógarholt, sem nefnt er Vörðuholt," segir í örnefnaskrá.

"Trúlega er varðan í Vörðuholtinu hádegis eyktamark fyrir Galtarholt, ég [Gróa Jóhannsdóttir] hef heyrt það sagt, og finnst það mjög trúlegt. Það eru nokkuð víða hérna hlaðnar vörður á holtum," segir í svörum við örnefnaskrá.

**Heimildir:**Ö-Galtarholt,3; Ö-Galtarholt svör,7

**MH-127:028** *Torfholt* heimild um ristu

"Suður af því [Vörðuholt 027] um mýrarnar rennur nafnlaus kelda. Sunnan við hana heitir Torfholt...," segir í örnefnaskrá.

"Í mýrunum kring um Torfholtið var rist torf, til að þurrka það, var það flutt á Torfholtið, þar var það þurrkað og síðar flutt heim, notað til að tyrfa með hey og hús. Reiðings rista var hér slæm, var því reiðingur að fenginn oftast, eða fengið að rista hjá öðrum, það var sérstaklega góð torftista í Ferjubakkaflóanum, þaðan var reiðingur oft keyptur," segir í svörum við örnefnaskrá.

**Heimildir:**Ö-Galtarholt,3; Ö-Galtarholt svör,7

**MH-127:029** *Rústin* heimild um heystæði

"Suður af því [Torfholti 028] er svo Rústin...," segir í örnefnaskrá.

"Rústin er gömul heytóft, ef heyskapar tíð var slæm þegar engjar voru heyjaðar, var heyið af engjunum borið þarna upp, og flutt svo heim að vetrinum. Bæði var engjavegur langur, og oft afleitur ef miklarrigningar gengu, því mikið af leiðinni var eftir myrum að fAra. Síðast var látið hey þarna rigningar sumarið 1955, en þá var þetta nú í rauninni löngu hætt. Tóftin er vel greinileg ennþá," segir í svörum við örnefnaskrá.

**Heimildir:**Ö-Galtarholt,3; Ö-Galtarholt svör,7-8

**MH-127:030** *Byrgisás* heimild um fjárskýli

"Beint suðvestur af Rústinni er ás, sem heitir Byrgisás...," segir í örnefnaskrá.

Í svörum við örnefnaskrá segir: "Byrgisás er langur skógivaxtinn ás vestan við engjarnar sem eru meðfram Svignaskarðslæk. Ásinn liggur frá norðir til suðurs. Nafnið er dregið af fornu sauðbyrgi, sem þar var, og ennþá sér móta fyrir. Sauðunum var haldið þarna til beitis, að mestu eða öllu leiti hafðir á útigangi, svo var í rauninni líka með ærnar. Fyrir meir var flest fullorðið fé haft á útigangi, en langt mun nú vera síðan þetta var. Byrgin voru að jafnaði þaklaus, þar gat féð staðið inni í vestu veðrum. Sauðamaður gekk daglega að fé og mokaði ofan af fyrir það ef þurfa þótti, það var mokað ofan af fyrir fé löngu eftir að farið var að hafa það í húsum"

**Heimildir:**Ö-Galtarholt,3; Ö-Galtarholt svör,7

**MH-127:031** *Aranesvað* heimild um vað

"Neðan til við Stekkjarásbakka [Sjá Einarsstekkur 040] er vað á Skarðslæk er heitir Aranesvað," segir í örnefnaskrá.

"Melvatnsrunnar er lágt skógivaxið holt, rétt neðan við Aranesvað á Skarðslæknum, þar kemur mikil bugða á lækinn, frá læknum til suðurs liggur þetta holt. Ekkert vatn er þarna, en í rigningu vera leirflög, sem þar eru full af vati, en þarna í þurrkum," segir í svörum við örnefnaskrá. Enn fremur segir: " Aranesvað á Svignaskarðslæk er beint á móti Aranesinu, sem er vestur og neðar við gamala Heyholtsbæinn, nú eru þar aðeins fjárhús, en allt Aranesið orðið að túni, þar er nú á Aranesvaði, kominn brú yfir lækinn (9).

**Heimildir:**Ö-Galtarholt,3-4; Ö-Galtarholt svör,6,9

**MH-127:032** *Sesseljuvað* heimild um vað

"Svo nokkuð neðar austur af Rústinni [029] Sesseljuvað á [Skarðs] læknum," segir í örnefnaskrá.

"Um Sesseljuvað er það að segja, að það mun kennt við Sesselju ömmu Jóns tengdaföður míns [Gróa Jóhannsdóttir], hún bjó hér ekkja í nokkur ár, og heyjaði í Galtarholtsstykki, sem er Svignaskarðsmegin við lækinn," segir í svörum við örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Galtarholt,4; Ö-Galtarholt svör,9

**MH-127:033** *Engjavað* heimild um vað

"Þá er austan við Skarðslæk...og yfir í það er svo neðst á læknum Engjavað," segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Galtarholt,4

**MH-127:034** *Húsatóftir* heimild um beitarhús

"Suður af Byrgisás [030] innan girðingarinnar með sundi á milli (svo) eru Húsatóftir, gömul hagahús, standa þar hátt á hól; sund milli hans og Byrgisáss," segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Galtarholt,4

**MH-127:035** *Landamerkjahóll* varða landamerki

"Milli Galtarholts og Litlugrafar eru merki frá fyrnefndri kolpúfu sjónhending í miðjum brautarhól, af brautarhól í miðjan hádegishól af hádegishól í vörðu á miðjum landamerkjahól [044]," segir í Landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu nr. 99. Í svörum við örnefnaskrá segir: "beint af miðjum Hádegishól [sjá Kolpúfu 029] eftir miðjum Prætuás...og nær niður að Þjóðvegi, þá á að vera neðan vegar lítill hól, sem nefndur er Landamerkjahóll, og þar átti að vera hlaðin varða. En nú finnst þar einginn hól með vörðu, varðan virðist alveg horfin, en þrátt fyrir það eru merkin frá miðjum Prætuás beint í merkjakelduna, sem er fyrir norðan Stekkjarás endann, og nær upp að Þjóðvegi og rennur í Skarðslæk, keldan ræður frá Þjóðvegi merkjum". (6)

"Eftir miðjum prætuás, sem er breiður ás, skilinn frá hádegishólsás, með djúpri laut og nær niður að Þjóðvegi, þá á að vera neðan vegar lítill hól, sem nefndur er Landamerkjahóll, og þar átti að vera hlaðin varða. En nú finnst þar enginn hól með vörðu, varðan virðist alveg horfin," segir í svörum við örnefnaskrá.

**Heimildir:** Landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu nr. 99; Ö-Galtarholt svör,6

**MH-127:036** varða

"En Stekkjarás er langur ás sunnan við veginn, er nær alveg að merkjum. Mikið skóglendi er á þessum ás og graslendið, aðallega að austanverðu," segir í örnefnaskrá.

"varða og að minnst að kosti 2 eða fleiri á Stekkjaránum," segir í svörum við örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Galtarholt,3; Ö-Galtarholt svör, 7

**MH-127:037** heimild um stekk

"það sest greinilega fyrir 2 stekkjum, annar er rétt fyrir neðan Djúpaskarð á Stekkjarásnum...þeir voru notaðir sitt frá hvorum ábúanda, að því er mér var sagt, það sér greinilega móta fyrir kvíunum, og það fleiri en

**Heimildir:** Ö-Galtarholt svör, 11

**MH-127:038** heimild um kolagröf

"Kolpúfur eru hér margar víða í skógarásunum, ég hef fundi margar sérstaklega í Stekkjarásnum, það eru gamlar uppgrónar kolagrafir, frá þeim tíma er menn gerðu til kola úr skógvíði. Ef maður ratar niður í þessar þúfur finnast þar viðarkola leifar..." segir í svörum við örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Galtarholt svör,12-13

**MH-127:039** *Brautarhóll* örnefni

"Austan við lækinn er þúfa og sjónhending úr henni austur í Brautarhól, en þar er skógi vaxinn hól hér efst á merkjum..." segir í örnefnaskrá.

"...en um Brautarhól mun hafa legið gönguleiðin vestur á bæji, og ef til vill vestur á ofanverðar mýrar..." segir í svörum við örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Galtarholt,2; Ö-Galtarholt svör,2

**MH-127:040** *Einarsstekkur* heimild um stekk

"En Stekkjarás er langur ás sunnan við veginn, er nær alveg að merkjum...Um hann miðjan er skarð, er heitir Djúpaskarð, og aðeins framur er Einarsstekkur," segir í örnefnaskrá. Að auki er fjallað um í örnefnaskrá önnur örnefni er dreginn eru af Einarsstekk, þau eru Stekkjarás og Stekkjarásbakkar.

"Ég [Gróa Jóhannsdóttir] veit lítið um Einarsstekk, og hef engar rústir séð þar, sem hann átti að hafa verið. En ég man að maðurinn minn Guðmundur Jónsson sagði mér frá honum, og við leituðum á þeim stað, sem hann taldi að stekkurinn hefði átt að vera, en við fundum engar rústir eftir hann. Ekki veit ég við hvern stekkurinn vara kendur, eða hvenær hann var notaður. Ég hef ábúenda tal allara bænda á báðum búum frá 1778 og þar á meðal er



enginn Einar, svo nafnið er sennilega eldra. Ég held að fráfarur hér í Galtarholti hafi lagst niður um síðustu aldamót," segir í svörum við örnefnaskrá.

**Heimildir:** Ö-Galtarholt,3; Ö-Galtarholt svör, 6

## Niðurstöður

Helstu niðurstöður deiliskráningar í landi Galtarholts eru þær að þekktar eru 40 minjar á allri jörðinni. Þar af eru 14 utan deiliskipulagsreitsins. Flestar eru minjarnar á og við bæjarstæðið. Samkvæmt deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir nokkurri uppbyggingu þar, s.s. samkomusal, golfskála, tjaldsvæði, verlsun ofl. Með hliðsjón af kostnaði við nauðsynlegan uppgröft og rannsóknir á svæðinu væri æskilegt að endurskoða fyrirhugaða nýtingu þar.

Gert er ráð fyrir smáhýsahverfi vestan í Heimariborg. Þar eru fornleifar. Á Fremriborg er gert ráð fyrir sumarústöðum nærri vörðu og geithúsatóft. Eins er gert ráð fyrir sumarústaðalóð á Selhóli, en þar eru leifar smalakofa. Ekki er að sjá að þessar minjar séu innan byggingarsvæðis, og þarf ekki að haggja við þeim, en æskilegt væri að gæta þess að ekki verði við þeim hróflað á meðan á framkvæmdum stendur.

Ekki er kunnugt um minjar á öðrum sumarhúsalóðum, í fyrirhuguðum lagna- og vegastæðum.

## Samantekt

- Í þessari skýrslu er fjallað um fornleifar í landi Galtarholts í Borgarbyggð m.t.t. fyrirbyggjandi deiliskipulagsgerðar.
- Engin fornleifaskráning hafði verið gerð á svæðinu áður og ekki liggur fyrir svæðisskráning fyrir Mýrarsýslu né fyrir hreppinn. Við undirbúning deiliskráningar var gerð svæðisskráning á grundvelli fyrirbyggjandi heimilda, þ. á m. jarðabækur, ópr. örnefnaskrár og landamerkjalyásingar.
- Á þessu svæði eru a.m.k. 40 fornleifar af ýmsu tagi, m.a. bæjarhóll, útihús, garðlög og þjóðsögustaðir.
- Samkvæmt fyrirbyggjandi tillögum eru eftirfarandi minjastaðir í uppnámi: MH-127:001,002,003, 008, 010, 011, 014, 020, 022, 023 og 024.
- Engar friðlýstar minjar eru á svæðinu, en áður nefndir staðir njóta almennrar friðunar samkvæmt lögum og óheimilt er að spilla þeim eða hylja.
- Fornleifavernd ríkisins getur veitt heimild til þess að fornleifar verði látnar víkja að undangenginni rannsókn, eða þær huldar og setur skilmála það að lútandi.
- Mikilvægt er að öll umferð, efnistaka og frávik frá fyrirbyggjandi tillögu um skipulag verði skoðuð með hliðsjón af fornleifaskrá svæðisins.
- Ekki er útilokað að fleiri minjar, en þær sem komið hafa fram við heimildaathuganir og vettvangskonun, leynist á svæðinu.

## Heimildir

Óprentaðar heimildir:

Fornleifastofnun Íslands:

Ísleif – gagnagrunnur um íslenskar fornleifar

Rannsóknargögn A.F. 3.6- 7.6. 2004.

Örnefnastofnun Íslands:

Ö-Galtarholt: Örnefnaskrá Galtarholts.

Ö-Galtarholt, svör: Svör við spurningum vegna örnefnaskrár Galtarholts.

Þjóðskjalasafn Íslands:

Túnakort:


Galtarholt 1918.

Prentaðar heimildir:

BB: *Byggðir Borgarfjarðar III*. Borgarfjarðarsýsla og Akranes, án útgst., 1989,


JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IV*. Kh. 1913-14; 12-13 Rv. 1990.

JJ: Jón Johnsen. *Jarðatal á Íslandi... 1835-1845*. Kh. 1847.



Kort 1. Minjar í nágrenni við Galtarholtsbæ.





*Kort 2. Minjar á deiliskipulagsreit utan bæjarstæðis í Galtarholti.*